

STJÓRNARTÍÐINDI A 13 – 1990

Nr. 85

216

17. júlí 1990

BRÁÐABIRGÐALÖG

um ráðstafanir vegna kjarasamninga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér að framfærsluvísitalan hafi á undanförnum mánuðum hækkað meira en gert var ráð fyrir í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins frá því í febrúar s.l., sem gæti stefnt í hættu markmiðum kjarasamninganna og stöðugleika í efnahags- og verðlagsmálum. Beri því brýna nauðsyn til að hefja nú þegar aðgerðir til þess að lækka verðlag. Auk þess er talin bera nauðsyn til að samræma skattalega meðferð nýbygginga, endurbóta og viðhalds íbúðarhúsnæðis.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Í stað orðanna „16. nóvember“ í 17. gr. laga nr. 119/1989, um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, komi: 1. september.

2. gr.

3. málsl. 2. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, orðist svo:

Jafnframt skal endurgreiða eigendum íbúðarhúsnæðis virðisaukaskatt sem þeir hafa greitt af vinnu manna við endurbætur eða viðhald þess.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. öðlast þó gildi 1. september 1990. Ákvæði 2. gr. skulu gilda frá 1. janúar 1990.

Gjört í Reykjavík, 17. júlí 1990.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ólafur Ragnar Grímsson.